

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um stjórnkerfisúttekt

Borgarstjórn samþykkir að ráðnir verði óháðir sérfræðingar til að framkvæma stjórnkerfisúttekt á borgarkerfinu, þar sem lögbundin verkefni borgarinnar yrðu sundurgreind annars vegar og ólögbundin verkefni hins vegar. Jafnframt verði leitað tækifæra til að ná fram auknu hagræði í rekstrinum. Niðurstöðum og tillögum verði skilað eigi síðar en 1. maí 2025. Í framhaldinu verði fjármunum forgangsraðað í þágu lögbundinnar grunnþjónustu, auk leikskólaþjónustu. Það hagræði sem næst fram með aðgerðinni verði fært til hækkunar á handbæru fé.